

Sþ.

148. Tillaga til þingsályktunar

[80. mál]

um tónlistarfræðslu.

Flm.: Magnús Jónsson, Benedikt Gröndal, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, þar sem m. a. séu sett skýr ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu, hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við tónlistarskóla og hvaða skilyrði skólar þessir þurfi að uppfylla til að njóta ríkisstyrks.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur vaxið mjög áhugi þjóðarinnar á tónmennt ýmiss konar. Eru nú starfandi tónlistarskólar víða um land, og fer þeim sífellt fjölgandi. Eru það víðast samtök tónlistarunnenda, sem standa fyrir skólum þessum, og kostnaður er greiddur með skólagjöldum og framlögum úr ýmsum áttum.

Fyrst í stað voru skólar þessir aðallega eða eingöngu fyrir fullorðna, en á síðustu árum hefur á ýmsum stöðum verið tekin upp tónlistarfræðsla fyrir börn í sérstökum tónlistarskólum. Hefur reyndin orðið sú, að börn og unglingar hafa hagnýtt sér fræðslu þessa í stórum stíl og foreldrar sýnt mikinn áhuga á að láta börn sín verða þessarar fræðslu aðnjótandi, enda þótt greiða verði allhá skólagjöld.

Um það er naumast ágreiningur, að hér sé um merkilega menningarstarfsemi að ræða, sem beri að efla eftir föngum, eigi sízt tónlistarfræðslu fyrir börn og unglunga, sem er þeim bæði holl og þroskandi tímstundaiðja.

Tónlistarskólarnir starfa utan skólakerfisins. Flestir þeirra njóta styrks í fjárlögum, en sá styrkur er mjög misunandi. Hefur fjárveitinganefnd á undanförnum árum hvað eftir annað á það bent, að ógerlegt væri fyrir nefndina að gera sér grein fyrir starfsemi allra þessara skóla og tryggja eðlilegt hlutfall fjárveitinga til þeirra. Hefur þessi vandi stöðugt vaxið og tónlistarskólarnir orðnir svo margir og um leið misunandi bæði að gæðum og nemendafjölda, að því verður eigi lengur skotið á frest að setja fastar reglur um aðild ríkisins að fræðslu þessari og hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við hana.

Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hversu tengja megi tónlistarfræðsluna við annað skólanám í landinu, en varast ber þó að taka forustuna úr höndum áhugamannasamtakanna, sem með góðum árangri hafa byggt upp fræðslustarfsemi þessa. Hins vegar verður eigi hjá því komizt að setja ákveðnar reglur um þau skilyrði, er tónlistarskóli verði að uppfylla til að geta orðið aðnjótandi ríkisstyrks.

Ógerlegt er í greinargerð þessari að telja öll þau atriði, sem íhuga þarf í þessu sambandi, en það er tilgangur flutningsmanna með tillögu þessari, að málið verði rækilega athugað frá öllum hliðum.